



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

HELLEKANT OG BJARNI FRÍMANN

21. MARS
2019



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Alla turca: 11'
Söngvar frá Auvergne: 21'
Sinfónía: 32'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Söngtextar eru á bls. 10.

Því miður þurftu bæði Anne Sofie von Otter og Yan Pascal Tortelier að aflýsa þátttöku sinni á tónleikunum vegna forfalla. Efnisskráin er óbreytt frá því sem auglýst hafði verið.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

HELLEKANT OG BJARNI FRÍMANN

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Charlotte Hellekant
einsöngvari

Einar Jóhannesson
einleikari

EFNISSKRÁ

Atli Heimir Sveinsson / W.A. Mozart
Alla turca og svo framvegis ... (2006)

Joseph Canteloube
Söngvar frá Auvergne (1924–1955)
Baïlèro
L'áio de rotso
Lou Boussu
La Delaïssado
Passo pel prat
Malurous qu'o uno fenno

Hlé

Georges Bizet
Sinfónía í C-dúr (1855)
Allegro vivo
Andante – Adagio
Allegro vivace
Finale. Allegro vivace

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



BJARNI FRÍMANN BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bjarni Frímanna Bjarnason stjórnar í kvöld sínum fyrstu Áskriftartónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi hljómsveitarinnar haustið 2018 og hefur stjórnað hljómsveitinni við ýmis tækifæri.

Bjarni Frímanna stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur og lauk prófi í víóluleik frá Listaháskóla Íslands. Árið 2009 bar hann sigur úr bítum í einleikarkeppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands og lék í framhaldinu víóluconsert Bartóks með sveitinni á tónleikum. Að því loknu stundaði hann nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín. Bjarni hefur komið fram víðsvegar um Evrópu, bæði sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann hefur stjórnað mörgum af fremstu hljómsveitum á Íslandi, meðal annars Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, CAPUT og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Þá hefur hann samið tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir bæði héraendis og erlendis. Bjarni Frímanna hefur seinni ár komið víða fram sem píanóleikari með söngvurum og sem kammertónlistarmaður m.a. í Berlínarfilharmóníunni og Konzerthaus í Vínnarborg.

Árið 2012 vann Bjarni Frímanna fyrstu verðlaun í Hanns Eislerkeppninni í Berlín fyrir frumflutning á píanótilbrigðum eftir Viktor Orra Árnason. Hann var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016. Sama ár stjórnaði hann flutningi á óperunni *UR* eftir Önnu Þorvaldsdóttur við óperuna í Osló, í Chur og Basel og á Listahátíð í Reykjavík. Árið 2016–2017 stjórnaði Bjarni Frímanna hljómsveitartónleikum með Björk Guðmundsdóttur í Mexíkóborg, Fílharmóníunni í Los Angeles og í Hörpu. Hann tók við stöðu tónlistarstjóra Íslensku óperunnar í janúar 2018 og hefur stjórnað uppfærslum hennar á *Toscu*, *Hans* og *Grétu* og *La traviata*.



CHARLOTTE HELLEKANT

EINSÖNGVARI

Sænska mezzósópransöngkonan Charlotte Hellekant er meðal fremstu söngkvenna Norðurlanda og hefur um áratuga skeið komið fram víða um heim. Hún hefur meðal annars sungið við Metropolitan-óperuna í New York, Parísaróperuna og komið fram á Glyndebourne-óperuhátíðinni í Englandi. Meðal helstu hlutverka hennar eru Charlotte í *Werther*, sem hún hefur sungið m.a. við Deutsche Oper í Berlín, og Carmen sem hún hefur sungið við Konunglegu óperuna í Stokkhólmi. Hún hefur sungið í óperum Händels undir stjórn Marks Minkowski við Théâtre des Champs Elysées og óperuna í Zürich, auk þess sem hún syngur á hljóðritun hans á *Giulio Cesare* á Deutsche Grammophon ásamt Magdalenu Kozená og Anne Sofie von Otter. Hún hefur sungið hlutverk Júditar í *Kastala Bláskeggs* eftir Bartók á Listahátíðinni í Bergen og kom fram í *Fordæmingu Fásts* eftir Berlioz á Salzburgerhátíðinni við frábærar undirtektir.

Charlotte Hellekant er einnig ótull flytjandi samtímatónlistar og fjöldi tónskálda hefur samið verk sérstaklega fyrir hana. Má þar nefna Toshio Hosokawa, sem samdi fyrir hana einþáttunginn *The Raven*, sem hún hefur flutt m.a. í Brussel, Amsterdam og í Japan.

Hellekant hefur komið fram með fjölmörgum heimskunnum hljómsveitum og stjórnendum. Má þar nefna tónleika með Christoph von Dohnányi á Proms-tónlistarhátíðinni í Royal Albert Hall, með Esa-Pekka Salonen og hljómsveitinni Fílharmóníu, og Gustavo Dudamel og Fílharmóníusveit Los Angeles. Á þessu starfsári syngur hún meðal annars við Staatsoper í Berlín og kemur fram á tónleikum með Þjóðarhljómsveit Frakklands þar sem hún syngur *Sieben frühe Lieder* eftir Alban Berg.

Hellekant hefur einu sinni áður sungið á tónleikum á Íslandi, þegar hún kom fram í óratoriunni *Draumur Gerontiusar* eftir Elgar með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói árið 2002, undir stjórn Vladimirs Ashkenazy.



EINAR JÓHANNESSEN

EINLEIKARI

Einar Jóhannesson hefur um árabíl verið áberandi persónuleiki í íslensku tónlistarlífi. Hann er afburða klarínnettuleikari og hefur leikur hans, tækni, tónn og persónuleg túlkun löngum hrifið áheyrendur og hvatt tónskáld til dáða. Mörg af helstu tónskáldum þjóðarinnar hafa skrifað fyrir hann stór verk og smá og meðal þeirra er að finna klarínnettukonserta eftir Jón Nordal, Jón Ásgeirsson, Svein Lúðvík Björnsson, John Speight, Karólínu Eiríksdóttur og nú síðast Áskel Mátsson, en hann frumflutti konsert hans *Silfurfljót* með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrra.

Einar hefur leikið inn á fjölmarga geisladiska sem einleikari og kammermúsikant. Á nýjustu þremur plötunum er að finna ágætán þverskurð af fjölbreyttu efnisvali Einars. *Music for Clarinet* hefur að geyma verk Áskels Mátssonar fyrir klarínnettu eina og í ýmsum hljóðfærasamsetningum, *Exultavit* inniheldur verk fyrir klarínnettu og orgel og á diskunum *Klarínnettukonsertar* leikur Einar verk eftir Mozart, Weber, Debussy og Jón Nordal með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Einar Jóhannesson fæddist í Reykjavík og nam klarínnettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Gunnari Egilson og í The Royal College of Music í London, þar sem kennarar hans voru Bernard Walton og John McCaw. Þar vann hann til hinna virtu Frederick Thurston verðlauna. Árið 1976 vann Einar samkeppni um þáttöku í „Live Music Now“ sem Sir Yehudi Menuhin stofnaði, og hlaut síðar Sonning-verðlaunin fyrir unga norræna einleikara. Hann er tíður gestur á tónlistarhátíðum víða um heim og hefur leikið fyrir útvarps- og sjónvarpsstöðvar margra landa.

Einar hefur frumflutt fjölda verka sem eru sérstaklega skrifuð fyrir hann – jafnt einleikskonserta, kammerverk og verk fyrir einleiksklarínnettu. Einar var 1. klarínnettuleikari Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands frá 1980–2012. Hann er stofnfélagi Blásara-kvintetts Reykjavíkur sem hefur getið sér gott orð á alþjóðlegum vettvangi og lék með Kammersveit Reykjavíkur um árabíl. Hann er einnig félagi í miðaldasönghópnum Voces Thules.



ATLI HEIMIR SVEINSSON

ALLA TURCA OG SVO FRAMVEGIS ...

„É hef aldrei verið hræddur við að blanda saman stílum,“ segir Atli Heimir Sveinsson (f. 1938). „En ég veit að það er vandi. Mikill vandi.“ Kannski er það vegna þess hve meðvitaður hann er um erfiðleikana sem þessu fylgja sem hann hefur náð svo góðu valdi á jafn fjölbreytilegum stíltegundum og raun ber vitni. Hann var óróaseggurinn í íslenskrí tónsköpun á sjöunda og áttunda áratugnum, ef til vill sá eini í tónlistarsögu okkar sem á það fyllilega skilið að vera nefndur „enfant terrible“, en á milli þess sem hann hneykslaði íslenska smáborgara með brjáluðum tilraunaverkum yljaði hann þeim um hjartarætur með yndisfögurum laglínnum sem enginn vildi vera án. Atli er óskammfeilið kamelljón í tónlistinni, bregður sér í líki Schuberts þegar hann semur lög við kvæði Jónasar Hallgrímssonar, og Händels þegar hann semur gamanariur við kvæði íslenskra barokkskálda. Og í kvöld er röðin komin að Mozart.

Í verkinu *Alla turca og svo framvegis ...* mætir Atli Heimir klassíska stílnum og kannar þær slóðir sem liggja milli Mozarts og okkar eigin tíma. Verkið samdi hann árið 2006, um það leyti sem heimsbyggðin fagnaði 250 ára afmæli Mozarts, og ljóst er að Atli var þar ekki undanskilinn. Verkið er hreinræktuð skemmtitónlist. Atla varð tíðrætt um það sem hann kallaði „divertimentó-hugsunarhátinn“ – hugmynd 18. aldarinnar um tónlist sem tekur sjálfa sig ekki of hátíðlega. „Haydn, Mozart og Rossini kunnu að semja svona tónlist,“ sagði hann eitt sinn.

Tónlist Mozarts á drjúgan þátt í verki Atla. Fyrstu 222 taktarnir eru tyrkneska rondóið (Rondo alla Turca) úr píanósónötunni K. 331, sem Atli útsetur fyrir einleiksklarínnett með hljómsveitarmedleik. Þegar rondóinu sleppir nær Atli yfirhöndinni; það fer ekki á milli mála hvenær 18. öldinni lýkur og sú 21. tekur við. Hann afbyggir stefið fræga lið fyrir lið, notar til dæmis hörpuglissandó og píanóklasa, en leyfir hendingum Mozarts að skjóta upp kollinum hér og þar. Alþýðlegir söngvar úr *Töfraflautunni* („Hann Tumi fer á fætur“ bæði spilað og sungið) kallast á við það sem Atli kallar „hinn djúpa Mozart allra framtíða“ – lokakaflann úr *Júpiter*-sinfóníunni K. 551. Undir lokin hljómar bréfsdúettinn úr *Brúðkaupi Figarós* („Che suave zeffiretto“) og kemur sú framsetning sannarlega á óvart, jafnvel þótt ólíkindatöl eins og Atli Heimir eigi í hlut.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Alla turca-fantasía Atla Heimis hefur einu sinni áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, á upphafstónleikum haustið 2007 undir stjórn Rumons Gamba. Atli gerði alls fjórar útsetningar af þessu verki, m.a. eina fyrir Hyperion-píanótríóið og aðra fyrir kammerhóp átta hljóðfæra.



JOSEPH CANTELOUBE

SÖNGVAR FRÁ AUVERGNE

Franska tónskáldið og tónlistarfræðingurinn Marie-Joseph Canteloube de Malaret (1879–1957) er sannarlega ekki á hvers manns vörum. Hans er þó minnst fyrir litríkar og fagrar útsetningar sínar á þjóðlögum úr Auvergne-héraði sem er í Frakklandi miðju, suður af Lyon. Canteloube hóf píanónám sex ára gamall en lagði tónlistina ekki fyrir sig strax heldur starfaði í banka um skeið. Það var ekki fyrr en árið 1901 sem hann hóf nám hjá Vincent d'Indy – bréfleiðis fyrst um sinn, þar sem hann vildi ekki yfirgefa heimabæ sinn, Annonay. Hann var orðinn 28 ára þegar hann loks lét tilleiðast og innritaðist í Schola cantorum í París. Þar stundaði hann nám þar til heimsstyrjöldin fyrri braust út árið 1914.

Canteloube samdi fjölda verka sem í dag eru flestum gleymd, meðal annars óperu við eigin texta, *Le mas* (Bóndabýlið), sem vann til stórra verðlauna árið 1925. Canteloube var mikill áhugamaður um þjóðlega menningu í þeirri sveit sem hann átti rætur að rekja til. Sjálfur sagði hann: „Söngvar bænda og alþýðufólks ná stundum hæstu listrænu tindum hvað varðar tilfinningu og tjáningu, jafnvel þótt þeir séu einfaldir að forminu til.“ Dálæti Canteloubes á þjóðlegri menningu varð honum þó að vissu leyti að falli. Hann gekk til liðs við leppstjórn nasista, Vichy-stjórnina svonefndu, árið 1941 og má vera að það hafi litað viðtökur á verkum hans síðan.

Eitt verk Canteloubes nýtur þó enn hylli, þjóðlögin sem hann safnaði og útsetti um meira en 30 ára skeið, frá 1924 til 1955. Lögin eru yfir 30 talsins og skiptast í fimm syrpur en söngvarar velja oftast úr þeim og raða saman að eigin vali. Tungumálið er auvergnat, sem fræðimenn eru ekki sammála um hvort telja skuli sjálfstætt tungumál eða eina af mállýskum oksitönsku. Fyrir utan lögin sjálf er það snilldarleg hljómsveitarútsetning Canteloubes sem hefur hrifið kynslóðir áheyrenda, hún er litrík og ljúf og hentar söngvunum fullkomlega. Á tónleikumum í kvöld hljómar úrval laga úr flokknum. Fyrst er hrífandi smalasöngur, en síðan fylgja fimm söngvar um ástina í sínum ýmsu myndum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur aðeins einu sinni flutt lög úr flokki Canteloubes svo vitað sé, þegar Nathalía Druzín Halldórsdóttir söng á tónleikumum Ungir einleikarar árið 2009. Oftar hafa lögin hljómað hér á landi á tónleikum með píanóleik. Vestur-íslenska sópransöngkonan Leona Gordon söng til dæmis fimm lög við píanóleik Árna Kristjánssonar á tónleikum Tónlistarfélagssins árið 1969, og söngstjarnan Anna Moffo söng þrjú lög á tónleikum sínum í Háskólabíói haustið 1978. Ingveldur Ýr Jónsdóttir og Richard Simm fluttu lög úr flokknum á tónleikum í Gerðubergi árið 2002, svo fátt eitt sé nefnt.



GEORGES BIZET

SINFÓNÍA Í C-DÚR

Allmörg tónskáld sögunnar hafa aðeins náð heimsfrægd fyrir eina tónsmíð, hversu afkastamikil sem þau annars voru. Þannig er því til dæmis farið með Canteloube sem hljómaði fyrir hlé, en einnig fjölmörg önnur tónskáld frá Frakklandi; hér má nefna Édouard Lalo, Ernest Chausson og jafnvel Georges Bizet (1838–1875). Óperuna *Carmen* þekkja vitaskuld flestir. Óperuáhugafólk hefur líklega heyrt dúettinn fræga úr *Perluköfurunum* og jafnvel leikhústónlist hans við *Stúlkuuna frá Arles*. Fjölmörg önnur verk hans, þar á meðal píanótónlist og sönglög, hljóma þó sjaldan og fáir vita að Bizet hafi yfirleitt látið að sér kveða á þeim vettvangi.

Sinfónía Bizets í C-dúr er ekki alveg óþekkt verk. Hún hljómar af og til á tónleikum og hljóðritunum en telst þó tæplega í flokki þeirra hljómsveitarverka 19. aldar sem eru fastagestir í tónleikahúsum. Í þessu tilviki má að hluta kenna tónskáldinu sjálfu um vanræksluna því að verkið var hvorki flutt né gefið út á nótum á meðan Bizet lifði. Sinfónían er æskuverk undrabarns: Bizet samdi hana aðeins sautján ára gamall og það tók hann ekki nema mánuð að fullgera verkið. Nótturnar lágu hins vegar óhreyfðar og ófluttar. Eftir lát Bizets gaf ekkja hans tónskáldinu Reynaldo Hahn nótturnar, sem aftur gaf þær bóksafni Tónlistarháskólans í París, en þar söfnuðu þær ryki um árabíl. Það var ekki fyrr en árið 1933 að tónlistarfræðingur nokkur fann raddskrána og áttaði sig á gildi verksins – tæpum 80 árum eftir að Bizet festi tónana á blað. Hljómsveitarstjórinn Felix Weingartner hafði pata af hinu nýfundna verki og stjórnaði því í fyrsta sinn skömmu síðar.

Ekki er fyllilega ljóst hvers vegna Bizet gerði svo lítið með verk sem augljóslega var afrekssmíð frá hendi sautján ára pilts. Líklega samdi hann sinfóníuna sem einhvers konar skóla-verkefni; hann minntist aldrei á hana í bréfum sínum eða reyndi að koma henni á framfæri. Bizet var nemandi tónskáldsins Charles Gounod við Tónlistarháskólann og var undir sterkum áhrifum kennara síns. Bent hefur verið á að sinfónían Bizets sé samin undir beinum og augljósum áhrifum frá sinfóníu nr. 1 eftir Gounod, sem var frumflutt fáeinum mánuðum áður en nemandinn samdi sitt verk. Bizet vann við að afrita sinfóníu Gounods og útbjó sjálfur útgáfu af henni fyrir tvö píanó. Hugsanlega hefur Bizet því verið smeykur við að láta verkið hljóma ef það þætti of keimlíkt sinfóníu Gounods, hann hefur jafnvel óttast að lenda í vandræðum þar sem sumar tónhugmyndirnar

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfónía Bizets hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þjóðleikhúsinu í nóvember 1959, undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Aftur hljómaði hún á tónleikum sveitarinnar árið 1964 (stj. Proinsias O'Duinn), árið 1976 (stj. Páll P. Pálsson), árið 1985 (stj. Jean-Pierre Jacquillat) og síðast í tvígang árið 1997 (stj. Ronald Zollman og Hannu Lintu).

eru keimlíkar. En vegir örlaganna eru órannsakanlegir. Í dag er símfónía Gounods svo að segja gleymd, en tónsmíð hins sautján ára gamla Bizets nýtur að minnsta kosti nokkurra vinsælda.

Símfóníur voru ekki algeng viðfangsefni franskra tónskálda um miðja 19. öld. Tónlistarheimurinn í París snerist að stærstum hluta um óperuhúsið og tónskáld vorðu ómældum kröftum í að koma risavöxnum söngverkum sínum á svið. Bizet var engin undantekning; eftir að námi lauk átti leikhúsið og óperu-sviðið huga hans allan. Hann gerði atrennu að annarri símfóníu, „Rómar-símfóníuna“ svokölluðu, en átti í mesta basli við að ljúka við verkið. Það þykir ekki búa yfir sömu töfrum og símfónían sem hann samdi þegar hann var aðeins sautján ára.

Árni Heimir Ingólfsson

Bailèro

Pastré, dè dèlaï l'aïo,
A gaïré dé boun tèn,
Dio lou bailèro lèrò,
lèrò, lèrò, lèrò, lèrò, bailèro lò!
È n'aï pas gaïré,
È dio, tu, bailèro lèrò!
Lèrò, lèrò, lèrò, lèrò, bailèro lò!

Pastré, couçi forai,
Èn obal io lou bèl riou,
Dio lou bailèro lèrò,
lèrò, lèrò, lèrò, lèrò, bailèro lò!
Espèro-mè, té
Baò çirca, bailèro lèrò!
Lèrò, lèrò, lèrò, lèrò, bailèro lò!

L'aïo dè rotso

L'aïo dè rotso té foro mourir, filhoto,
L'aïo dè rotso té foro mourir!
Nè té cal pas bèir' oquèl' aïo, quèl' aïo,
Mès cal prèndr' un couot d'oquèl' aïo dè bi!

S'uno filhoto sè bouol morida, pitchouno,
S'uno filhoto sè bouol morida,
Li cal pas douna d'oquèl' aïo dè rotso,
Aïmaro miliour oquèl' aïo dè bi!

Smalasöngur

Smali, þarna handan við vatnið,
finnst þér ekkert gaman?
Syngdu bailèro lèrò,
lèro, lèro, lèro, lèro, bailèro lò!
Æ nei, mér finnst varla neitt gaman,
og syngdu líka bailèro lèrò!
Lèrò, lèrò, lèrò, lèrò, bailèro lò!

Smali, hvað á ég að gera,
þarna er þessi fallegi lækur,
syngdu bailèro lèrò,
lèro, lèro, lèro, lèro, bailèro lò!
Bíddu eftir mér, ég kem
og næ í þig, bailèro lèrò!
Lèrò, lèrò, lèrò, lèrò, bailèro lò!

Lindarvatnið

Lindarvatnið verður þér að bana, stúlka,
lindarvatnið verður þér að bana!
Drekkstu alls ekki af þessu vatni, þessu vatni,
fáðu þér heldur sopa af þessu víni!

Ef stúlku langar til að gifta sig, væna mín,
ef stúlku langar til að gifta sig,
þá ætti hún ekki að drekka af lindarvatni,
hún elskar betur eftir sopa af víni!

Lou Boussu

Dzanètou tsou 'l poumiéirou
Què sé souloumbravo,
Què sé souloumbravo si,
Què sé souloumbravo la,
Què sé souloumbravo.

Oqui possèt un boussu
Què lo mirolhavo,
Què lo mirolhavo si,
Què lo mirolhavo la,
Què lo mirolhavo.

'Ah! Poulido Dzanètou!
Bous sèrès lo mèouno!
Bous sèrès lo mèouno si,
Bous sèrès lo mèouno la,
Bous sèrès lo mèouno!'

'Per qué ieu lo bouostro sio
Cal coupa lo bosso!
Cal coupa lo bosso si,
Cal coupa lo bosso la,
Cal coupa lo bosso!'

'Oï! Pècaïré, Dzanètou!
Gordorai mo bosso!
Gordorai mo bosso si,
Gordorai mo bosso la,
Gordorai mo bosso!'

La Delaïssado

Uno pastourèlo èsper olaï al capt del bouès
Lou galan doguélo, mè né bèn pas!

'Ay! souï délaïssado!
Qué n'aï pas vist lou mio galant;
Crésio qué m'aïmábo, è ton l'aïmé iéu!'

Luziguèt l'estèlo, aquèlo qué marco la nuèt,
è lo pauro pastourelletto
Démourèt à ploura ...

Kroppinbakurinn

Jónasína undir eplátrénu
hvíldi sig í skugga,
hvíldi sig í skugga hér,
hvíldi sig í skugga þar,
hvíldi sig í skugga.

Kroppinbakur gekk þar hjá,
gaut á hana augum,
gaut á hana augum hér,
gaut á hana augum þar,
gaut á hana augum.

„Æ! Þú fagra Jónasína!
Viltu verða mín!
Viltu verða mín hér,
viltu verða mín þar,
viltu verða mín!“

„Eigi ég að verða þín,
losaðu þig við kryppuna!
Losaðu þig við kryppuna hér,
losaðu þig við kryppuna þar,
losaðu þig við kryppuna!“

„Æ, til fjandans með þig, Jónasína!
Ég gæti minnar kryppu!
Ég gæti minnar kryppu hér,
ég gæti minnar kryppu þar,
ég gæti minnar kryppu!“

Yfirgefna stúlkan

Hjarðmeyja bíður þarna efst í skóginum
eftir unnusta sínum, en hann kemur ekki!

„Æ, ég er yfirgefin!
Ég sé hvergi hann unnustann minn;
ég hélt hann elskaði mig, og ég elska hann!“

Stjarnan skín, sú sem boðar komu næturinnar,
og aumingja hjarðmeyjan
situr áfram og grætur ...

Passo del prat

Lo lo lo lo lo *etc.*

Passo pel prat, béloto,
lèu possorai pel bouos:
Quon li séras, pouloto,
Mesperoras se vouos!

Lo lo lo lo lo *etc.*

Nous porlorén, filhoto,
Nous porlorén toui dous;
Qu'os toun amour, drouloto,
Què mé foro hurous!

Lo lo lo lo lo *etc.*

Malurous qu'o uno fenno

Malurous qu'o uno fenno,
Malurous qué n'o cat!
Qué n'o cat n'en bou uno,
Qué n'o uno n'en bou pas!
Tradèra, ladèri dèrèro
ladèra, ladèri dèra.

Urouzo lo fenno
Qu'o l'omé qué li cau!
Urouz' inquèro maito
O quèlo qué n'o cat!
Tradèra, ladèri dèrèro
ladèra, ladèri dèra.

Pjòðkvaði frá Auvergne

Komdu yfir engið

Ló ló ló ló ló *o. s. frv.*

Komdu yfir engið, stúlkan fagra,
ég kem í gegnum skóginn:
Þegar þú kemur þangað, stúlkan smáa,
biddu mín, ef þú vilt!

Ló ló ló ló ló *o. s. frv.*

Pá tölum við saman, stúlkan væna,
við tölum saman tvö ein;
Það er ást þín, stúlkan litla,
sem gerir mig hamingjusaman!


Ló ló ló ló ló *o. s. frv.*

Ólánssamur er sá sem á konu

Ólánssamur er sá sem á konu,
ólánssamur sá sem enga á!
Sá sem enga á langar í eina,
sá sem eina á vill hana ekki!
Tradera, laderi dereró,
ladera, laderi dera.

Lánssöm er sú kona
sem á manninn sem hún þarf!
En enþá lánssamari er sú
sem engan á!
Tradera, laderi dereró,
ladera, laderi dera.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson



KLASSÍKIN OKKAR – TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

Mjólkar þú kýrnar við undirleik Mozarts? Eða setur Verdi á fóninn þegar þú vaskar upp? Manstu eftir fyrsta tónverkinu sem þú táraðist yfir?

HEFUR TÓNLIST BREYTT LÍFI ÞÍNU?

Tónlist vekur hjá okkur djúpar tilfinningar, tengist dýrmætum minningum og bindur okkur við fólkid sem okkur þykir vænt um. Nú leitar Sinfóníuhljómveit Íslands að tónlistarsögunum ykkar: Sögum af því hvernig sígild tónverk hafa haft áhrif á ykkur, hvernig þau minna ykkur á merkilega atburði eða minnisstæðar manneskjur – nú eða bara lita hversdagslífið.

Segðu okkur frá þínu eftirlætis tónverki, íslensku eða erlendu, og hvers vegna það er í uppáhaldi – hvernig það tengist lífi þínu. Hver veit nema verkið þitt – og sagan þín – verði öðrum innblástur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg, sem sýndir verða í beinni útsendingu í Sjónvarpinu föstudagskvöldið 1. september.

Tillögur að verkum ásamt frásögnum óskast á netfangið klassikin@ruv.is eða inn á vefinn www.ruv.is/klassikin fyrir 1. apríl.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

21. MARS 2019

1. FIDLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laura Liu
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Jensdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pálína Árnadóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIDLA

Peter Andreas Nielsen
Gunnhildur Daðadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Pascal La Rosa

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Lucja Koczot
Guðrún Hrund Harðardóttir
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sigursveinsdóttir
Júlía Mogensen

BASSI

Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Clara Perez Sedano

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Kasper Knudsen

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Rommel Alexander Guasumba Muñoz

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*

Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

4. APR 19:30

5. APR 19:30

BÍÓTÓNLEIKAR

STAR WARS

John Williams hefur samið tónlistina við allar Stjörnustríðsmyndirnar. Lítrík og glæsileg tónlistin á stóran þátt í vinsældum myndanna enda hefur Williams sópað til sín verðlaunum fyrir verk sitt. Alls notar hann um 50 stef sem snúa aftur og tengjast ákveðnum persónum eða kringumstæðum, rétt eins og Richard Wagner gerði í óperum sínum meira en 100 árum fyrr. Í upphaflegu myndinni frá 1977 lék Sinfóníuhljómsveit Lundúna tónlistina, en á þessum tónleikum verður myndin sýnd við lifandi flutning Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Þetta eru tónleikar sem enginn kvikmyndaunnandi má missa af.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Ted Sperling hljómsveitarstjóri

John Williams / George Lucas
Star Wars

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Míðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

